

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 17. maímánadar.

Nr. 40/1896:

Mattias Ólafsson

gegn

Sigurði Jóhannesi Gíslasyni.

D ó m u r :

Með aukarjettardómi Dalasýslu, uppkveðnum 9. júní f. á., var áfrýjandinn Mattias Ólafsson á Orrahóli dæmdur til að greiða stefnda Sigurði Jóhannesi Gíslasyni á Liltu-Tungu 76 kr. með 4% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, og allan af málinu »löglega leiðandi kostnað«. Dómi þessum hefur Mattias Ólafsson skotið til yfir dómsins með stefnu, dags. 30. nóv. f. á., og krafizt þess, að hann verði algjörlega sýknaður fyrir kröfum stefnda, eða til vara að hann verði eigi dæmdur til að greiða áfrýjanda meira en 76 kr. ÷ 55 kr. = 21 kr.; svo hefur hann og krafizt málskostnaðar. Stefndi Sigurður Gíslason hefur á hinn bóginn krafizt þess, að aukarjettardómurinn verði staðfestur, og að áfrýjandinn verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum rjettum.

Í fardögum 1895 fluttist áfrýjandinn frá jörðinni Litlu-Tungu í Fellsstrandarhreppi, en hinn stefndi flutti að jörðinni; áfrýjandinn átti þá að skila stefnda 12 kúgildisám, sem fylgdu Litlu-Tungu. Áfrýjandi skýrir nú svo frá, að það hafi

orðið að samkomulagi milli þeirra, að hann (áfrýjandinn) hjeldi kúgildisánnum, en stefndi fengi upp í þær eina kú, sem skyldi jafngilda 8 ám, en 4 ærnar skyldu borgast með innskript, og hafi kúgildisærnar verið borgaðar á þennan hátt. Stefndi skýrir af sinni hálfu svo frá, að með því að kúgildisær þær 12, sem áfrýjandi hafi ætlað að afhenda honum, hafi eigi verið í góðu standi og honum hafi eigi líkað þær, hafi hann eigi viljað veita þeim móttöku, og hafi það þá orðið að samningi milli hans og áfrýjanda, að áfrýjandi hjeldi þessum kúgildisám, en skyldi borga stefnda 14 kr. fyrir hverja þeirra, alls 168 kr., helminginn í sumarkauptíð og helminginn í haustkauptíð. Ennfremur skýrir stefndi svo frá, að þegar jörðin Litla-Tunga var tekin út af áfrýjanda vorid 1895, hafi áfrýjandinn átt að greiða 148 kr. í álag og hafi þetta álag verið jafnað meðal annars með andvirði kýrinnar, sem áður er nefnd. Andvirði heunar hafi því ekki gengið upp í kúgildisærnar, en af verði þeirra standi enn óborgað 76 kr. af hálfu áfrýjanda.

Það virðist nú nægilega sannað í málinu með eidfestum vitnisburðum, sem eigi er nein ástæða til að hnekkja, að málsaðilar hafi í raun og veru samið um kúgildisærnar á þá leið, sem stefndi hefur skýrt frá, nl. að áfrýjandi skyldi kaupa þær fyrir 168 kr., og að andvirðið skyldi greiða á þann hátt, sem stefndi hefur haldið fram. Áfrýjandi hefur nú eigi getað sannað það, að hann hafi greitt þær 76 kr. af verði kúgildisanna, sem eru

efni málsins, og sjerstaklega verður eptir skýrslum málsins eigi álitid að eptirstöðvar kырverðsins, sem áður er nefnt, hafi átt að ganga upp í verð kúgildisánna. Stefndi hefur að minnsta kosti neit að þessu algjörlega, og áfrýjandi hefur af sinni hálfu eigi sannað það.

Samkvæmt þessu verður að fallast á það, að aukarjettardómurinn hefur dæmt áfrýjanda til að greiða stefnda 76 kr. með 4% vöxtum frá dagsetningu sáttakærunnar, og að staðfesta hann að þessu leyti, en málskostnadarákvæði dómsins verður að dæma ómerkt sem ólögmaett, sbr. N. l. 1—5—14. Málskostnaður í hjeradi verður að falla niður, en það þykir rjett eptir málavöxtum, að áfrýjandi greiði stefnda áfrýjunarkostnað málsins með 2Ě krónum.

Þv dæmist rjett vera:

Ákvæði aukarjettardómsins um málskostnað á að vera ómerkt, en að öðru leyti skal dómurinn vera óraskaður. Málskostnaður í hjeradi falli niður, en sem málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandinn Mattías Ólafsson hinum stefnda Sigurði Gíslasyni 25 krónur.

Dómi þessum skal fullnægja, áður liðnar sjeu 8 vikur eptir lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.